



6. DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn í Skálholti 23. maí 2019

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 18:00
Fundarstaður Skálholtsskóli

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Gestur fundarins var Ingibjörg Einarisdóttir, Gammadeild.

2. Nafnakall, 19 voru mættar. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

3. Orð til umhugsunar

Björg Björnsdóttir var með orð til umhugsunar. Umfjöllunarefni hennar var þakklætið. Björg minnti okkur á hversu mikilvægt það er að muna að þakka fyrir það sem við höfum og njóta þess. Þakklætið er nátengt hamingjunni og andstaða þess að gera kröfur. Hún las upp úr bók Gunnars Hersveins Gæfuspor - gildin í lífinu, þar sem hann fjallar um þakklætið.

4. Kynning. Elinborg Sigurðardóttir var með fróðlegt erindi um starfsemi SSK, Samband sunnlenskra kvenna. Sambandið var stofnað 1928 og aðalmarkmiðin á þeim tíma voru að; vinna að aukinni húsmæðrafræðslu, efla heimilisaðstoð og garðrækt og viðhalda og varðveita þjóðleg verðmæti.

SSK er héraðssamband og er í dag samráðsvettvangur og sameiningartákn fyrir öll kvenfélög á sambandssvæðinu og stendur fyrir ýmsum samstarfsverkefnum. Kvenfélagasamband Íslands er síðan hattur yfir öllu landinu. Af stórum verkefnum SSK má nefna englaverkefni, nýburahúfur og myndverk sem unnið var í tilefni 85 ára afmælis sambandsins. Allar tekjur af verkefnum SSK renna til góðgerðamála. Kvenfélögin hafa verið mikilvægur þáttur í sam hjálp og félagsþjónustu á landsvísi í gegnum tíðina.

5. Inntökuathöfn. Guðlaug Jónsdóttir var formlega tekin inn og boðin velkomin í Epsilondeild Delta Kappa Gamma.

6. Önnur mál.

Rætt var um Evrópuráðstefnu DKG sem haldin verður í Reyjavík 25. -26. júlí og farið yfir skráningar. Ingibjörg Einarisdóttir, Gammadeild sagði frá undirbúningi ráðstefnunnar sem gengur mjög vel og hvatti systur til að skrá sig. Ingibjörg spjallaði einnig um upplestrarkeppnirnar stóru og litlu sem hún starfar við og tók talkórs æfingu með okkur í lokin. Afmæli framundan, Epsilon deild á 30 ára afmæli í ár og var kallað eftir áhugasömum systur í afmælisnefnd. Einnig kallað eftir hugmyndum um umfjöllunarefni funda á næsta starfsári. Fundi slitið.

7. Sameiginlegur kvöldverður og spjall. Hapdrættisvinninginn hlaut Ásborg.